

Með hliðsjón af 178. gr. laga nr. 85/1936 þykir hæfilegt, að stefndi greiði stefnendum kr. 25.000 í málskostnað.

Dómsorð:

Framangreind ummæli skulu vera ómerk.

Stefndi, Einar Bragi Sigurðsson, greiði kr. 15.000 í sekt í ríkissjóð, en sæti varðhaldi í 5 daga, verði sektin ekki greidd innan aðfararfrests.

Stefnda, Einari Braga Sigurðssyni, er skylt að sjá um, að dómsorð og forsendur dóms verði birt í fyrsta eða öðru tölu- blaði Þjóðviljans, sem út kemur eftir birtingu dóms þessa.

Stefndi, Einar Bragi Sigurðsson, greiði stefnendum kr. 25.000 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 30. mars 1978.

Nr. 60/1978. **Ákærvaldið**

gegn

Ragnari Vestfjörð Sigurðssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 25. þ. m., er barst Hæstarétti 28. s. m. Krefst varnaraðili þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 25. mars 1978.

Ár 1978, laugardaginn 25. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Ágúst Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málavextir eru þeir, að kl. 0601 í gærmorgun barst lögreglunni í Reykjavík kæra um nauðgun. 18 ára gömul stúlka, sem býr við Vesturberg í Breiðholti, kvaðst þá fyrr um morguninn, eða um kl. 0420, hafa verið stödd við Melatorg fótgangandi á leið heim til sín, er maður stöðvaði bifreið hjá henni og bauðst til að aka henni heim, sem hún þáði.

Í skýrslu, er stúlkan gaf hjá rannsóknarlögreglu í gærmorgun, kvað hún manninn hafa ekið á afvikinn stað vestur á Seltjarnarnesi, lagt bifreiðinni þar utan vegar og leitað síðan á hana. Stúlkan reyndi þá að komast úr bifreiðinni, en kveðst ekki hafa getað komist undan manningnum. Er hún sýndi frekari mótþróa, hafi hann lamið hana í andlitið og höfuðið og hótáð henni lífláti, ef hún ekki vildi þýðast hann. Stúlkan kveðst þá hafa orðið hrædd og ekki þorað að berjast lengur á móti honum. Maðurinn hafi síðan fært hana úr utanyfirbuxum og nærbuxum og komið fram vilja sín- um við hana í framsæti bifreiðarinnar, og kveður stúlkan hann tvívegis hafa haft sáðlát.

Stúlkan kveður manninn síðan hafa ekið sér áleiðis heim til hennar og er hún fór úr bifreiðinni, hafi hún lagt á minnið skrásetningarmerki hennar, sem var R 57304.

Stúlkan kvað mann þennan hafa verið undir áfengisáhrifum.

Skráður eigandi bifreiðarinnar R 57304 er Þórunn Kristjónsdóttir, Framnesvegi 54 hér í borg. Er lögreglan kom heim til hennar í gærmorgun, kom í ljós, að sambýlismaður Þórunnar, Ragnar Vestfjörð Sigurðsson, kærði í máli þessu, hafði verið með bifreiðina þá um nóttina.

Þórunn skýrði frá því við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu í gær, að kærði hafi farið heiman að frá henni á bifreið hennar um kl. 0400 nóttina áður og hafi hann þá verið mjög drukkin. Hún telur, að hann hafi komið aftur um kl. 0530.

Kærði hefur við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu og hér fyrir dómi kannast við að hafa boðið stúlku upp í bifreiðina R 57304 við Melatorg umrædda nótt. Telur kærði, að það hafi verið um kl. 0200. Kærði kveðst strax hafa leitað á stúlkuna og viljað kyssa hana og kveðst „alveg eins“ hafa getað hugsað sér að hafa samfarir við hana. Stúlkan hafi hins vegar tekið þessu illa og

hann þá ekið áleiðis upp í Breiðholt, en stöðvað á leiðinni og reynt í annað sinn að leita á stúlkuna, en hún hafi enn snúist gegn honum. Kveðst kærði þá hafa ekið henni heim.

Kærði hefur neitað öllum sakargiftum. Hann kannast ekki við að hafa ekið með stúlkuna vestur á Seltjarnarnes né að hafa lagt á hana hendur. Þá neitar hann að hafa neytt áfengis, áður en hann hóf aksturinn umrædda nótt.

Í vottorði Andrésar Ásmundssonar læknis, sem skoðaði stúlkuna kl. 0740 í gærmorgun, segir m. a., að nokkur þroti hafi verið á hægri kinn og eymsli þar og í hársverði og enn fremur lítill marblettur yfir vinstra brjóstvöðva. Á kynfærum hafi hvorki sést áverki né blóð, en í leggöngum hafi verið mikið af sæðisvökva. Sádlaar hafi ekki hreyfst, en þó sé ekki útilokað, að sæðið stafi frá samförum, sem hafi átt sér stað 2—3 klukkustundum fyrir skoðun.

Rannsókn máls þessa er skammt á veg komin.

Með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga 74/1974 þykir rétt að taka kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins til greina og ákveða, að kærði skuli sæta gæsluvarðhaldi, þó eigi lengur en til miðvikudagsins 5. apríl nk. kl. 1700.

Brot það, sem kærði er grunaður um, getur varðað hann fangelsisrefsingu samkvæmt XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldinu ekki til fyrirstöðu.

Úrskurðarorð:

Kærði, Ragnar Vestfjörð Sigurðsson, skal sæta gæsluvarðhaldi, þó eigi lengur en til miðvikudagsins 5. apríl nk. kl. 1700.